

Fyrirhugaður rafstrengur yfir Kjöl: úttekt á fornminjum vegna deiliskipulags




Gísli Pálsson



FS702-18331

Reykjavík

2018



©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit


Samantekt.....	4
Inngangur.....	5
Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	7
Aðferðir við fornleifaskráningu.....	9
Fornleifaskrá.....	12
Yfirlit um svæðið og niðurstöður.....	17
Lokaorð.....	21
Viðauki: Fornminjaskrá.....	21
Heimildir.....	22

Samantekt

Til stendur að leggja rafstreng yfir Kjöl, nánar tiltekið frá N447054 A456577 til N485312 A473868, um 75 km leið. Við úttekt á fornleifum á áhrifasvæði strengsins var tekið út 100 m breitt belti. Við úttektina fundust fimm minjar nálægt eða innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar, allt vörður. Mælt er með aðgát þegar strengurinn er lagður frá afleggjara að Beinahóli að norðurenda Austurhrauns.

Inngangur

Plægja á rafstreng ofan í jörðu frá Skálpanesi við Bláfell norður að Hveravöllum. Strengurinn mun liggja að mestu leyti við Kjalveg að Gíslaskála, en þaðan liggur hann vestur í átt að Rjúpnafelli; norður fyrir fellið og þaðan vestur að Hveravöllum. Annar strengur mun liggja frá áðurnefndum streng og austur að Kerlingarfjöllum. Ráðgert er að hefja framkvæmdir




Mynd 1: Staðsetning áhrifasvæðis.

sumarið 2019. Að beiðni Minjastofnunar Íslands fór fram fornleifaúttekt á áhrifasvæði strengsins. Rarik fékk Fornleifastofnun Íslands til að vinna úttekt á fornleifum innan áhrifasvæði strengsins, sem er um 75 km langur. Líklegt er að strengurinn muni ekki liggja nákvæmlega eftir hönnun, og því var u.þ.b. 100 m breitt svæði tekið út, 50 m í hvora átt frá hönnunarlínu.

Gísli Pálsson fornleifafræðingur sá um úttektina en til aðstoðar honum var Páll Haukur Björnsson. Könnunin var gerð í júní 2018. Svæðið hafði ekki áður verið skráð á vettvangi, en Orri Vésteinsson tók heimildir um minjar á hálendinu árið 1996. Gísli Pálsson sá um frágang og kortagerð. Skýrslan

samanstendur af stuttri lýsingu á vettvangsvinnu, lagalegri umgjörð, fornleifaskrá, og kafla um einkenni svæðis og helstu niðurstöðum vettvangsrannsókna.

Heimildarmennirnir Loftur Jónasson á Myrkholti, fjallaskilakóngur Biskupstungnamanna og Páll Gíslason, staðarhaldari Kerlingarfjalla veittu upplýsingar um áhrifasvæðið og fá þeir bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.



Mynd 2: Staðsetning áhrifasvæðis.

Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Aðferðir við fornleifaskráningu


Úttektin á rannsóknarsvæðinu var gerð í júnímánuði 2018. Keyrt var fyrstu 45 km, eða á þeim kafla sem áhrifasvæðið liggur meðfram Kjalvegi, en þaðan var gengið að Hveravöllum. Skráðar voru allar fornminjar sem sáust á leiðinni.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari tilheyra þó ekki afmörkuðum jörðum heldur afréttarlandi en síkar fornleifar eru í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands skráðar saman undir afréttarnúmeri hvers hrepps (s.s. ÁR-694:027). Hverjum minjastað er þannig gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðar- eða afréttarnúmer. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er



Mynd 3: Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað.

staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Fornleifaskrá

ÁR-694:025 varða hlutverk óþekkt

X 481948 Y 476149

Varða er um 250 m fyrir vestan Kjalveg og 20 m vestan við miðlínu raflagnar. Varðan er á uppblásnu holti, 150 m suðvestan við vörðu ÁR-694:026. Hún hálfhrunin en enn sitja þrír steinar ofan á jarðföstu bergi. Fyrir sunnan vörðuna eru steinar sem hafa augljóslega hrunið úr henni. Varðan virðist óvönduð og er óstöðug. Líklega mun hún hrynja enn frekar á næstu árum. Steinarnir í vörðunni eru skófum vaxnir. Hlutverkið er ekki þekkt en líklega var hún hlaðin til að marka sömu reiðleið og vörður ÁR-694:026-028.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Mynd 4: Varða ÁR-694:025.



ÁR-694:026 varða hlutverk óþekkt

X 482094 Y

476211

Varða er um 200 m vestan við Kjalveg og um 50 m austan við miðlínu raflagnar. Hún er 150 norðaustan við vörðu ÁR-694:025 og 400m suðvestan við vörðu ÁR-694:027. Varðan er á uppblásnu holti. Hún er hlaðin úr 10-15 steinum, um 50 cm í hæð og þvermál. Steinarnir í vörðunni eru skófum vaxnir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklega var hún gerð til að marka sömu reiðleið og vörður ÁR-694:025, 027 og 028.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda.

Mynd 5: Varða ÁR-694:026.



ÁR-694:027 varða hlutverk óþekkt X

482265 Y 476609

Varða er um 250 m fyrir vestan Kjalveg, 50 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis og 400 norðaustan við vörðu ÁR-694:026. Hún er 300 m vestsuðvestan við vörðu ÁR-694:028. Varðan er á uppblásnu holti, en hún er illa farin. Enn sitja tveir skófum vaxnir steinar ofan á stórum steini. Ekki er vitað í hvaða tilgangi steinum var safnað saman á þessum stað en líklegast hefur það verið til að merkja sömu leið og vörður ÁR-694:025, 026 og 028.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda.



Mynd 6: Varða ÁR-694:027.

ÁR-694:028 varða hlutverk óþekkt

X 482421 Y 476874

Mynd 7: Varða ÁR-694:028.



Við norðausturenda Austurhrauns standa þrjár vörður þétt saman, á stærri steinum. Allar eru þær hlaðnar með sama handbragði og vörðurnar fyrir sunnan (ÁR-694:025-027). Aðeins ein þeirra er heilleg, en hugsanlegt er að hinar tvær hafi annaðhvort ekki verið fullhlaðnar eða að þær hafi verið teknar niður, því að það eru engin ummerki um hrun í kringum þær.

Vörðurnar eru um 400 m fyrir vestan Kjalveg, 40 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis og 400 austnordæstan við vörðu ÁR-694:027. Steinarnir í vörðunum eru skófum vaxnir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar en líklegast er að það hafi verið til að marka sömu reiðleið og vörður ÁR-694:025-027.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Mynd 8: Varða ÁR-694:028



Mynd 9: Varða ÁR-694:029

Varða er um 450 m fyrir vestan Kjalveg, 100 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis og 50 vestan við vörðu ÁR-694:028. Hún er lítil og stendur á brún hrunsprungu við norðausturenda Austurhrauns. Steinarnir í vörðunni eru skófum vaxnir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulegt er að hún hafi átt að marka norðausturendan á Austurhrauni, en hraunið er vandasamt yfirferðar.

Hvorki fundust minjar á leiðinni frá Austurhrauni að Hveravöllum né á afleggjaranum að Kerlingarfjöllum.


Yfirlit um svæðið og niðurstöður

Kjalvegur hefur ávallt verið mikilvæg taug í samgöngukerfi Íslands. Riðið var um Kjalveg til Alþingis frá Þjóðveldisöld. Þá lá leiðin frá Hveravöllum suður um Þjófadal og niður með vesturbakka Svartár (sjá t.d. 47. kafla Vatnsdælu). Þar eru greinileg ummerki mannvista, þá helst sæluhúsa (t.d. við Svartárbuga, ÁR-694:014).

Orri Vésteinsson tók saman heimildir um menningarminjar á hálendinu árið 1996. Alls fann Orri heimildir um 7 minjastaði í Framafrétti og 24 minjastaði í Biskupstungnaafrétti (sjá *ibid.*, bls. 109-112). Heimildirnar eru flestar um minjar við Hvítá, syðst í afréttinum, í Þjófadal og við vesturbakka Krákár. Einnig má nefna Beinahól, legstað þeirra Bjarna og Einars Reynistaðarbræðra sem urðu þar úti haustið 1780. Hann er um það bil 5 km fyrir vestan áhrifasvæði.

Þór Hjaltalín skráði fornminjar á Hveravöllum og Kerlingarfjöllum, helstu háhitasvæðum við Kjalveg árið 2008. Minjar á Hveravöllum eru allar fyrir vestan fyrirhugaða legu strengsins, og minjarnar við Kerlingarfjöll eru töluvert fyrir suðaustan áhrifasvæðið.

Strengurinn mun því ekki raska áðurþekktum minjum á svæðinu en við fornleifaskráningu fundust vörður á fimm stöðum, líklega hluti af varðaðri leið innan áhrifasvæðis, en ekki aðrar minjar. Vert er þó að minnast á að afréttir Árnessýslu á Kili hafa ekki verið skráðir enn og land þetta var notað til uppreksturs um allar aldir.




Mynd 10: Hnitsettar minjar í námunda við áhrifasvæðið.

Framafréttur

Áhrifasvæðið byrjar í Framafrétti við Skálpagerði og liggur að mörkum afréttarins við Hvítárvatn. Strengurinn liggur fast við Kjalveg á þessum kafla. Sjö þekktar menningarminjar eru í afréttinum (Orri Vésteinsson, 1996, bls. 109): þrjú sæluhús; eitt í Fremstaveri við suðausturhorn Bláfells, annað milli Lambafells og Hvítár, og þriðja í Valagili. Einnig eru tvær heimildir um náttstaði, annars vegar í Sultarkrika og hins vegar við Buðlungabrekkur. Einnig eru heimildir um þrjú vöð yfir Hvítá (ÁR-694:006, 016, 017), en þau voru öll fyrir neðan núverandi brú. Allar áðurgreindar minjar eru í a.m.k. 500m fjarlægð frá áhrifasvæði og verða því ekki fyrir áhrifum af framkvæmdum.


Engar frekari fornleifar fundust á svæðinu. Hesthús er í gróðurvin við Hvítá, u.þ.b. 300 m fyrir vestan línustæðið sem hefur mögulega verið byggt á eldri áningarstað og einnig sjást leifar af brú yfir Hvítá sem byggð var árið 1936, en hvorugum staðnum stafar hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum.



Mynd 11: Þekktar minjar í Framafrétti við áhrifasvæði framkvæmdar. Staðsetningar punktanna eru ónákvæmar.

Biskupstungnaafréttur

Fyrirhugaður rafstrengur mun liggja vestan við Kjalveg frá Hvítárvatni allt að Gíslaskála. Ekki sást nein ummerki um fornminjar á kaflanum. Strengurinn mun svo víkja frá Kjalvegi við Eystri-Svartárbotna og stefna norðvestur að Rjúpnafelli. Skammt norðan við afleggjara að Beinahóli fundust nokkrar vörður. Þær eru skófum vaxnar en líklegast eru þær í það minnsta frá fyrri hluta tuttugustu aldar. Sumarið 1920 vann flokkur manna við vörðuhleðslu á fjallvegum landsins (Hjörtur Björnsson, 1943) og voru þá hlaðnar vörður frá Hveravöllum suður um Tjarnadali og Þjófadali. Í endurminningum sínum minnst Hjörtur á að eldri leið hafi legið „yfir Kjalhraun og um Gránunes“ (bls. 43). Sú leið lá sennilega lengra fyrir vestan, en mögulega eru vörðurnar tengist þeirri leið. Vörðurnar eru austan við Austurhraun og eru líklega hlaðnar til að merkja leið framhjá hrauninu, en það er mjög úfið og erfitt yfirferðar. Alls fundust vörður á fimm stöðum á þessum slóðum.



Mynd 12: Minjar við áhrifasveðið.

Lokaorð

Við úttekt fundust fimm minjar nálægt áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Við framkvæmdir ætti að vera hægt að hlífa vörðunum sem eru á áhrifasvæðinu en mikilvægt er að sýna fulla aðgát þegar strengurinn er lagður framhjá þeim og þess sé gætt að strengurinn sé í meira en 15 m fjarlægð frá vörðunum sjálfum. Þótt svæðið milli varðanna hljóti ekki slíka friðun væri best að strengurinn verði ekki lagður á milli varðanna ef hægt er að komast hjá því. Vörðurnar marka að öllum líkindum reiðleið, og leiðin sjálf er vissulega minjastaður. Að því sögðu er rétt að ítreka að það er Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort og þá með hvaða skilyrðum halda megi áfram með ráðgerðar framkvæmdir yfir Kjöl.

Viðauki: Fornminjaskrá

Númer jarðar	Samtala	Tegund	Hlutverk	Aldur	X (A)	Y (N)
ÁR-694	ÁR-694:025	varða	óþekkt	1850-2000	481948	476149
ÁR-694	ÁR-694:026	varða	óþekkt	1850-2000	482094	476211
ÁR-694	ÁR-694:027	varða	óþekkt	1850-2000	482265	476609
ÁR-694	ÁR-694:028	varða	óþekkt	1850-2000	482421	476874
ÁR-694	ÁR-694:029	varða	óþekkt	1850-2000	482364	476893

Heimildir

Hjörtur Björnsson. 1943. *Sumar á fjöllum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Íslensk fornrit VIII: Vatnsdæla saga. 1939. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar á miðhálandi Íslands*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Þór Hjaltalín. 2008. *Hveravellir og Kerlingarfjöll: fornleifaskráning*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.